



Selfossi, 18. ágúst 2026

Fundargerð stjórnar

6. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 18. ágúst 2026, kl. 15:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og á teams.

Mætt: Sveinn Ægir Birgisson (formaður), Helgi Kjartansson, Guðmundur Finnbogason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson (á teams), Lárus Kristinn Guðmundsson, Hafsteinn Davíðsson, Heiða Ösp Árnadóttir og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Torfi Ragnar Sigurðsson lögfræðingur

Sveinn Ægir setur fund og býður stjórn velkomna. Starfsfólk BÁ kynnir sig fyrir stjórnarmönnum.

1. Kynning á starfsemi BÁ

Lárus kynnti starfsemi Brunavarna Árnessýslu í máli og myndum. Umræður og fyrirspurnir. Stjórn þakkar fyrir kynninguna og óskar eftir að fá frekari kynningu á einstökum þáttum starfseminnar á komandi fundum.

2. Yfirferð á verkefnum sem eru í vinnslu hjá BÁ

Lárus fór yfir verkefni sem eru framundan hjá BÁ.

3. Málefni fyrrverandi slökkviliðstjóra

Torfi Ragnar kemur inn á fundinn. Torfi og Sveinn Ægir fara yfir málefni fyrrverandi slökkviliðsstjóra. Umræður.

4. Önnur mál

Umræður um breytingar á ýmsum vinnuferlum fyrir BÁ. Verður kynnt nánar á næsta stjórnarfund. Umræður um gróðureldaáhættu í sumarhúsahverfum. Hugmynd að setja af stað verkefni í samstarfi við sumarhúsafélög í sýslunni fyrir næsta vor. Skoðunarferð um slökkvistöðina og kynning á tækjum og búnaði.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 17:20

Undirritunarsíða

Sveinn Ægir Birgisson

Helgi Kjartansson

Grétar Ingi Erlendsson

Linda Björk Hilmarsdóttir

Guðmundur Finnbogason

Lárus Kristinn Guðmundsson

Hafsteinn Davíðsson

Heiða Ösp Árnadóttir

Unna Björg Ögmundsdóttir